

Enn um vatnsból Hvanneyrar. Verndarsvæði  
fyrir nýtt vatnsból

**Þórólfur H. Hafstað**

**Greinargerð ÞHH-99-09**

1. desember 1999

## Enn um vatnsból Hvanneyrar Verndarsvæði fyrir nýtt vatnsból

Gerð hefur verið grein fyrir tillögum að verndarsvæðun vatnsbóls Hvanneyrar og fleiri bæja í Andakíl (Orkustofnun, grg. ÞHH-98-22). Vatnsbólið er í lind, sem sprettur undan Fossamelum, rúmlega 200 m norðan við núverandi veg um melana. Kippkorn norðan bólsins gengur gil u.þ.b. ¼ km inn í melinn og sveigir þar til suðurs. Á beygjunni er dálítill lind og ætti að fást þar álíka mikið vatn og úr núverandi vatnsbóli.

Áformaður er nýr vegur um Fossmela skammt sunnan vatnsbóls Hvanneyrar. Ljóst er, að núverandi ból þrengir nokkuð að efnistöku í melunum og að sérstakrar varúðar verður að gæta vegna þess. Því hefur verið gripið til þess að flytja vatnsnámið í nyrðri lindina, a.m.k. meðan á framkvæmdum stendur. Það þykir mér snjallræði, því líklegt er að nýja vatnsbólið sé betur varið fyrir mengun en það sem nú er notað. Einnig þurfa verndunarsvæði ekki að vera eins víðfeðm. Þá ber þess að geta, að verulega góðar líkur eru á að hægt verði að hefja vatnsnám að nýju í núverandi vatnsbóli þegar framkvæmdum við veginn er lokið.


Frágangur núverandi vatnsbóls er góður og er gert ráð fyrir að það ból, sem byggt verður í staðinn, verði með svipuðum hætti. Bent skal á að þar kemur vatnið dreifðara undan brekkunni og gæti þess vegna nauðsynlegt að grafa drenrörsstúf út frá brunninum, en það kemur í ljós þegar farið verður að grafa fyrir honum.

Verndunarsvæði fyrir þetta nýja vatnsból þarf ekki að vera eins stórt og fyrir það sem nú er notað. Tillaga að legu brunnsvæðis, grannsvæðis og fjarsvæðis þessa nýja bóls er sýnd á meðfylgjandi kortskissu, en um verðunarákvæði að öðru leyti er vísað til greinargerðarinnar frá 1998.

**Brunnsvæði** þarf að girða vel, enda á þar ekki að fara fram nein starfsemi nema sem við kemur vatnstökunni. Lega brunnsvæðisgirðingar ræðst að nokkru af því hvar gott er að girða. Rétt er að girðingin nái upp á gilbrúnina ofan lindar og sé þar ekki styttri en 50 m. Óþarft er að afgirt svæði nái nema nokkra metra niður fyrir lindina, eða brunninn, sem komið verður fyrir í henni.


**Grannsvæði** takmarkast af aðrennslissvæði vatnsbólsins. Innan þess eru melarnir ofan væntanlegs vatnsbóls allt austur að klapparhrygg, sem gengur norður frá Hálsu. Syðri mörkin ættu að liggja austur frá gilinu, sem lindin er í, samsíða Skorradalsvegi en 250 m norðan hans. Norðurmörkin miðast við línu austur úr suðurenda Hestfjalls.

**Fjarsvæði** er sá hluti aðrennslissvæðis sem lítil mengunarhætta er talin stafa frá. Norðurhluti þess teygir sig inn með Hestfjalli að austan, austurmörk fylgja klappaásum suður undir Hálsa og suðurmörk miðast við Skorradalsveg allt niður að námunum ofan við lækjardragið. Þær verða utan fjarsvæðis.



F O S S A M E L A R

Lausleg yfirlitsmynd um vatnsvernd

Grannsvæði 

Fjarsvæði 